

Nefndarsvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2022

Tilv.: 2112011

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins við frumvörp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 – þskj. 22, 22. mál og þskj. 86 – 86. mál.

1. Vísað er til erinda nefndasviðs Alþingis, dags. 14. desember sl., þar sem óskað er umsagna Samkeppniseftirlitsins um tvö aðskilin frumvörp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, annars vegar þingskjal 22, 22. mál og hins vegar þingskjal 86, 86. mál.
2. Samkeppniseftirlitið vísar til þess að þann 8. mars 2021 veitti eftirlitið [umsögn](#) vegna draga að frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar (viðurlög, tengdir aðilar o.fl.) sem birt voru á samráðsgátt stjórnvalda. Í þeirri umsögn er m.a. að finna ítarlega umfjöllun um tengda aðila m.t.t. yfirráðahugtaksins í samkeppnisrétti. Auk þess gerði Samkeppniseftirlitið tillögu að breytingu á framkomnum drögum að frumvarpi. Voru sömu sjónarmið Samkeppniseftirlitsins ítrekuð í umsögnum til atvinnuveganefndar þann [22. mars 2021](#) og [3. maí 2021](#).
3. Samkeppniseftirlitið telur að þau almennu sjónarmið sem fram koma í umsögn þess frá 8. mars 2021 um yfirráðahugtakið eigi að öllu óbreyttu við um þau frumvörp sem hér er til umfjöllunar, sérstaklega þskj. 22 um tengda aðila og raunveruleg yfirráð. Að öðru leyti mun Samkeppniseftirlitið í umsögn þessari ekki fjalla efnislega um þær einstöku breytingar sem lagðar eru til í frumvörpunum en ítrekar mikilvægi þess að yfirráðahugtak laga um stjórn fiskveiða verði skilgreint nánar og fært til samræmis við ákvæði 17. gr. samkeppnislaga. Að mati Samkeppniseftirlitsins felast mikilvægir hagsmunir í því að samræmi sé í framkvæmd stjórnvalda að þessu leyti.
4. Samkeppniseftirlitið þakkar fyrir tækifærið til að koma að sjónarmiðum vegna málsins og er reiðubúið að veita frekari upplýsingar sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Eva Ómarsdóttir